

2. október kl. 08:30 – 11:30

KYNNINGARTÆKNI OG FRAMSÖGN

Áhrifaríkari kynningar og meiri áhrif! - Veitir þér frelsi til að ná forskoti
Tilvalið fyrir sölumenn og stjórnendur – meira sjálfstraust, betri tengsl – meiri sala.

Meirihluti fólks óttast það meira en dauðann að þurfa að standa fyrir máli sínu fyrir framan hóp fólks. Með því að fá réttu ráðin og aðferðirnar er auðveldlega hægt að byggja upp sjálfstraust og sannfæringarkraft sem gæti fleytt þér áfram hraðar og lengra en nokkur annar starfstengdur hæfileiki sem þú getur ræktað.

UM NÁMSKEIÐIÐ:

Allir þurfa að geta kynnt hugmyndir sínar og vörur fyrirtækisins með skilvirkum og sannfærandi hætti. Rannsóknir sýna að um 85% kynninga ná ekki athygli áheyrenda. Þekktur aðili í viðskiptalífinu sagði eitt sinn að: "5 mínútna vel flutt kynning fyrir framan réttan hóp getur fært þér meiri árangur og velgengni en 5 ára vinna við skrifborðið." Of margir kunna ekki rétta notkun á "powerpoint" og fjöldi mistaka er gerður við slíkar kynningar sem auðvelt væri að forðast.

Á þessu spennandi þriggja tíma hraðnámskeiði er fjallað um öll helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar ná á til áheyrenda með skilvirkum hætti. Þeir fá fjársjóð hagnýtra og hnitmiðaðra aðferða og ráða sem leiða til áhrifaríkari og áheyrilegri kynninga, erinda og ræðuflutnings. Námskeiðið hentar öllum þeim sem flytja erindi, ræður, sölukynningar eða fyrirlestra sem hluta af starfi sínu t.d. stjórnendur, sjálfstætt starfandi aðilum og sölumönnum auk stjórnálmanna og kennara.

Markmið og efni námskeiðsins er:

- Mikilvægi áhrifaríkra samskipta í stjórnun og sölustarfi.
- Áhrifarík ræðumennska, kynningartækni og framsögn; nokkur grundvallaratriði.
- Helstu grunnatriði sem gera ræðumenn áheyrilega og skýra í framsögn.
- Mikilvægi þess að ná athygli strax í upphafi kynningar; nokkur góð ráð.
- Góð opnun, skýr skilaboð og eftirminnileg lokun.
- Markviss undirbúningur ræðuflutnings og kynninga.
- Að ná athygli áheyrenda á markvissan hátt.
- Áheyrileiki ...hvernig tölum við með áhrifaríkum hætti?
- Rétt notkun á glærum og "powerpoint".
- Raddbeiting og líkamstjáning; nokkrar æfingar.
- Að flytja stutta kynningu; nokkrir fá að spreyta sig á námskeiðinu, þeir fá gagnrýni og leiðbeiningar strax.

Áheyrileiki, trúverðugleiki og skilvirk samskipti eru lykilatriði í starfi leiðtoga, stjórnenda og sölufólks. Fagleg framkoma, skýrar kynningar og áhrifaríkar ræður og erindi eru tækin sem nútímastjórnendur verða að kunna tækin á.

Leiðbeinandi: Thomas Möller. Hann er hagverkfræðingur að mennt, með MBA próf frá HR. Thomas er framkvæmdastjóri Rýmis Ofnasmiðjunnar.

Verð: kr. 9.900.- (kr. 4.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarnadis@atvinnurekendur.is

Tími: Þriðjudagurinn 2. október kl. 8:30 – 9:30 (boðið er upp á léttan morgunverð áður enn að námskeiðið hefist).

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

***Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.**